

Nd.

273. Nefndarálit

[123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Tilfærsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga ásamt tekjustofnum til að standa undir þeim er flókið og vandasamt verkefni og þarf að vanda þar sérstaklega til undirbúnings ef vel á að fara.

Þetta frumvarp kemur fram rétt fyrir þinghlé og er knúð áfram með slíkum hraða að mjög skortir á að viðunandi tími gefist til athugunar á þeim atriðum sem þar er fjallað um. Þó hefur komið ótvírætt í ljós að á því eru svo miklir vankantar, að undirritaður minni hluti félagsmálanefndar telur sig verða að leggjast gegn því.

Varhugaverðast er að ekki er á nokkurn hátt tryggt að tekjutilfærslan, sem gert er ráð fyrir, skili sér þannig til sveitarfélaganna að fjármunirnir, sem um er að ræða, komi að gagni þeim verkefnum sem tiltekin eru. Að óbreyttum lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er ljóst að ýmsum sveitarfélögum verða með samþykkt frumvarpsins hundnir baggar sem þau fá með engu móti risið undir.

Þar að auki er með frv. gert ráð fyrir að umturna nýlegri lagabreytingu um dagvistunarstofnanir og dvalarheimili aldraðra, sem orðið hefur til að auka mjög framkvæmdir á þessum sviðum, en nú er grundvelli framkvæmda eða rekstrar raskað í miðjum klíðum.

Viðhald skólamannvirkja er verkefni sem vel kemur til greina að fela sveitarstjórnnum, en það leggst svo misjafnt á eftir því um hvaða skólagæði er að ræða og eftir aldri mannvirkja að óhugsandi er að höfðatöluregla á úthlutun fjár í þessu skyni geti séð fyrir þörfunum af nokkurri sanngirni.

Í heild er málið flausturslega undirbúið og býður af þeim sökum heim meiri vanda en það getur leyst í núverandi mynd. Leggjum við því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. des. 1975.

Magnús T. Ólafsson,
frsm.

Eðvarð Sigurðsson.